

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. september 2024 eftirfarandi:

Dælustöð, Hólmatún, deiliskipulagsbreyting.

Tillagan varðar breytingu á deiliskipulagi Deildar og Landakots á Álftanesi sem gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit vegna fráveitumannvirkja í samræmi við ákvæði aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. nóvember 2024 eftirfarandi:

Eskiás 7 og 10, deiliskipulagsbreyting Ása og Grunda.

Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í Eskiási um 15 (276 í 291) og að hluti byggingar á lóð nr. 10 verði 3 hæðir.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 3. október 2024 eftirfarandi:

Skerpluholt 3, óveruleg deiliskipulagsbreyting Hnoðraholts norður.

Tillagan gerir ráð fyrir hækkun gólfkóta einbýlishússins Skerpluholt 3 um 20 cm. Hámarkshæð hússins verður óbreytt og reiknast frá núverandi gólfkóta.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 27. nóvember 2024.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. nóvember 2024